



Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins 2015-2024

Rit nr. 1/2025





Efnisyfirlit

I.	Samantekt	3
II.	Inngangur	7
III.	Niðurstöður - 10 ára hlaupandi meðaltal reiknaðs ábata	11
1.	Ábati um 18-29-föld fjárframlög til Samkeppniseftirlitsins síðastliðin 10 ár	11
2.	Ábati hefur aukist vegna samrunaeftirlits en minnkað vegna íhlutunar vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu	13
IV.	Niðurstöður – 5 ára hlaupandi meðaltal reiknaðs ábata	15
3.	Ábati um 15-25-föld fjárframlög til Samkeppniseftirlitsins síðastliðin 5 ár	15
4.	Ábati vegna mála er varða misnotkun á markaðsráðandi stöðu hefur dregist mikið saman	17
V.	Töfluviðauki	19



I. Samantekt

1. Samkeppniseftirlitið hefur unnið að greiningu á reiknuðum ábata af íhlutun eftirlitsins vegna samráðs, misnotkunar á markaðsráðandi stöðu og samkeppnishamlandi samruna. Sú aðferðafræði sem Samkeppniseftirlitið beitir við greininguna byggir á leiðbeiningum frá Efnahags- og framfarastofnuninni (hér eftir OECD)¹ og er fjallað um hana í skýrslu nr. 3/2024, *Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins, lýsing á aðferðafræði og forsendum*.² Samkeppniseftirlitið hefur áður birt niðurstöður greiningarinnar fyrir tímabilin 2013-2022³ og 2014-2023⁴. Með þessari skýrslu eru birtar uppfærðar niðurstöður sem ná til og með ársins 2024.
2. Grunnforsenda leiðbeininga OECD er sú að brot fyrirtækja á samkeppnislögum eða samrunar sem raska samkeppni leiði að jafnaði til hærri verðs og lakari gæða á viðkomandi markaði, heldur en á markaði þar sem samkeppni nýtur við. Með íhlutun sinni koma samkeppnisyfirvöld í veg fyrir að hærri verð og lakari gæði til viðskiptavina á viðkomandi markaði sé viðvarandi. Reiknaður ábati er því mat á þeim skaða sem viðskiptavinir hefðu orðið fyrir ef ekki hefði komið til íhlutunar samkeppnisyfirvalda. Viðskiptavinir geta hvort sem er verið neytendur eða önnur fyrirtæki. Greiningin miðar þó ekki að því að leggja heildarmat á þjóðhagslegan ávinning af samkeppniseftirliti. Ekki er tekið tillit til margvíslegra jákvæðra áhrifa sem virk samkeppni getur haft, t.a.m. aukinnar nýsköpunar og aukinnar þjóðhagslegrar hagkvæmni efnahagslífs. Þá er ekki horft til taps fyrirtækja sem verða af viðbótartekjum vegna þess að háttsemi sem fer gegn samkeppnislögum er stöðvuð. Benda rannsóknir á áhrifum samkeppnislagabrota til þess að þær forsendur sem stuðst er við séu varfærnar, sbr. skýrslu nr. 3/2024.
3. Í töflu 1 má finna samandregnar niðurstöður greiningarinnar fyrir 10 ára tímabilið 2015-2024. Fjárhæðir í töflunni eru á verðlagi ársins 2024 og allar stærðir eru settar fram sem árlegt meðaltal fyrir framangreint tímabil.

Tafla 1: Samandregnar niðurstöður greiningar á reiknuðum árlegum ábata vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins árin 2015-2024 – árlegt meðaltal. Fjárhæðir eru á verðlagi ársins 2024.

	Árlegt meðaltal (2015-2024)
Reiknaður ábati	
Samráðsbrot	5,9 - 9,1 ma.kr.
Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	1,3 - 2,6 ma.kr.
Samrunaeftirlit	4,4 - 7,4 ma.kr.
Samtals reiknaður ábati	11,6 - 19,1 ma.kr.
Fjárframlög	0,65 ma.kr.
Ábati/fjárframlög	18 - 29
Ábati, % af VLF	0,29% - 0,48%

¹ OECD. (2014). *Guide for helping competition authorities assess the expected impact of their activities*. Vefslóð: <https://www.oecd.org/daf/competition/Guide-competition-impact-assessmentEN.pdf>

² Vefslóð: <https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2024/Skyrsla-nr.-3-2024.pdf>

³ Samkeppniseftirlitið (2023). Rit nr. 4/2023, *Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins 2013-2022*. Vefslóð: https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2023/Rit_nr_4_2023_Reiknadur_abati_vegna_íhlutunar_Samkeppniseftirlitsins_2013-2022.pdf

⁴ Samkeppniseftirlitið (2024). Rit nr. 4/2024, *Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins 2014-2023*. Vefslóð: <https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2024/Skyrsla-nr.-4-2024.pdf>



4. Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins á tíu ára tímabilinu 2015-2024 nam 0,29-0,48% af vergri landsframleiðslu (VLF) á sama tímabili, eða sem nemur 18-29-földum fjárframlögum til stofnunarinnar. Reiknaður ábati var að meðaltali 11,6-19,1 ma.kr. á ári hverju yfir tímabilið, þar af 5,9-9,1 ma.kr. vegna íhlutunar í samráðsbrot, 1,3-2,6 ma.kr. vegna íhlutunar í misnotkun á markaðsráðandi stöðu og 4,4-7,4 ma.kr. vegna þess að samkeppnishamlandi samrunar voru ógiltir eða þeim sett skilyrði.
5. Reiknaður ábati breytist lítið frá síðasta 10 ára tímabili, en á tímabilinu 2014-2023 nam ábatinn 0,30-0,49% af vergri landsframleiðslu, 17-29-földum fjárframlögum til stofnunarinnar eða 11,3-18,7 ma.kr. að meðaltali á ári hverju. Nánar er fjallað um samanburð á milli tímabila í köflum III. og IV.
6. Aðferðafræði, forsendur og útreikningar hafa verið rýnd af óháðum sérfræðingi, dr. Katrínu Ólafsdóttur, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskólans í Reykjavík.⁵

Bakgrunnsupplýsingar

7. Eins og fram hefur komið er reiknaður ábati metinn af íhlutun eftirlitsins vegna samráðs, misnotkunar á markaðsráðandi stöðu og samkeppnishamlandi samruna. Greiningin fylgir leiðbeiningum OECD⁶ sem byggja á vinnu OECD, fræðimanna, samkeppnisyrvalda í ýmsum aðildarlanda OECD og fyrri rannsóknum á efnahagslegum áhrifum samkeppniseftirlits. Einnig hefur verið höfð hliðsjón af beitingu leiðbeininganna annars staðar s.s. á vettvangi samkeppnisdeildar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, en þar er einnig byggt á leiðbeiningum OECD í grunninn.
8. Þar sem ákveðin óvissa felst í mati sem þessu og til þess að jafna sveiflur á milli ára eru niðurstöður birtar á bili og sem árlegt meðaltal yfir 10 og 5 ára tímabil. Allar fjárhæðir í skýrslunni eru birtar á föstu verðlagi og miðast við verðlag ársins 2024.
9. Gert er ráð fyrir því að lárétt samráð stuðli að 10-15% yfirverði í 3 ár, misnotkun á markaðsráðandi stöðu, lóðrétt samráð og samráð á vettvangi samtaka fyrirtækja stuðli að 5-10% yfirverði í 3 ár og samkeppnishamlandi samrunar stuðli að 3-5% yfirverði í 2 ár. Nánari umfjöllun um þessar forsendur má finna í kafla III. í skýrslu nr. 3/2024, *Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins, lýsing á aðferðafræði og forsendum*,⁷ en líkt og þar kemur fram benda rannsóknir á áhrifum samkeppnislagabrota til þess að þessar forsendur séu varfærnar. Nánari umfjöllun og samantekt á rannsóknum um áhrif slíkra brota má einnig finna í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2021, *Jákvæð áhrif samkeppni á lífskjör og hagsæld*.⁸
10. Í fjármálaáætlun sl. ára er gerð grein fyrir mælikvörðum og markmiðum um ávinning virkrar samkeppni. Allt frá árinu 2018 hefur einn af mælikvörðunum sem snýr að Samkeppniseftirlitinu verið reiknaður árlegur ábati af ákvörðunum eftirlitsins á undanliðnum 10 árum sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Þetta hlutfall skuli að meðaltali nema 0,5%.⁹

⁵ Minnisblað Katrínar Ólafsdóttur um rýni hennar má nálgast á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins:

<https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2025/Minisblað-KO-29-april-2025.pdf>

⁶ OECD. (2014). *Guide for helping competition authorities assess the expected impact of their activities*. Vefslóð:

<https://www.oecd.org/daf/competition/Guide-competition-impact-assessmentEN.pdf>

⁷ Vefslóð: <https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2024/Skyrsla-nr.-3-2024.pdf>

⁸ Vefslóð:

https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2021/Rit_ahrif-samkeppni-a-lifskjor-og-hagsaeld_20042021_final.pdf

⁹ Þessi mælikvarði var síðast birtur í fjármálaáætlun 2025-2029 sem birt var 16. apríl 2024. Sjá bls. 129 í fylgiskjali við

áætlunina, *Stefnumótun málefna 2025-2029*. Vefslóð: [https://www.stjornarradid.is/library/03-](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Efnahagsmal-og-opinber-fjarmal/Fjarmalaaetlun-2024/Stefnum%c3%b3tun%20m%c3%a1lefna%C3%b0a%202025-2029.pdf)

[Verkefni/Efnahagsmal-og-opinber-fjarmal/Fjarmalaaetlun-2024/Stefnum%c3%b3tun%20m%c3%a1lefna%C3%b0a%202025-2029.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Efnahagsmal-og-opinber-fjarmal/Fjarmalaaetlun-2024/Stefnum%c3%b3tun%20m%c3%a1lefna%C3%b0a%202025-2029.pdf)



11. Í stjórnýscluutpekt Ríkisendurskoðunar frá júlí 2022 á störfum Samkeppniseftirlitsins var m.a. lögð áhersla á ábatamat af þessu tagi og þeim tilmælum beint til eftirlitsins að nýta reglubundið mat á ábata af starfsemi sinni við skilgreiningu áherslna, markmiða og árangursmælikvarða til framtíðar.¹⁰
12. Líkt og áður hefur komið fram gaf Samkeppniseftirlitið út í fyrsta skipti mat á reiknuðum ábata vegna íhlutunar eftirlitsins vegna samráðsbrota, misnotkunar á markaðsráðandi stöðu og skaðlegra samruna desember 2023 með skýrslu nr. 4/2023, *Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins 2013-2022*.¹¹ Í kjölfar útgáfu skýrslunnar birti Samkeppniseftirlitið á vefsíðu sinni pistil nr. 2/2024, *Um reiknaðan ábata af íhlutunum Samkeppniseftirlitsins*.¹² Í september 2024 gaf Samkeppniseftirlitið út skýrslu nr. 3/2024, *Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins, lýsing á aðferðafræði og forsendum*, þar sem aðferðafræðinni er lýst með ítarlegum hætti.¹³ Samhliða voru birtar uppfærðar niðurstöður matsins í skýrslu nr. 4/2024, *Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins 2014-2023*.¹⁴
13. Hafa ber í huga að verkefni Samkeppniseftirlitsins eru mun víðfeðmari en þessi greining nær til. Til að mynda skal Samkeppniseftirlitið gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni, vekja athygli ráðherra á ákvæðum laga sem ganga gegn markmiðum samkeppnislaga og benda stjórnvöldum að öðru leyti á leiðir til að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaði. Þá hefur Samkeppniseftirlitið heimild til að grípa til íhlutunar til að afstýra eða vinna gegn samkeppnishömlum sem ekki stafa af brotum fyrirtækja á samkeppnislögum heldur leiða af markaðsbrestum sem hindra að almenningur og atvinnulífið njóti ábata af virkri samkeppni á viðkomandi markaði. Er um að ræða lagaheimild sem leyfir markaðsrannsóknir og aðgerðir þar sem áherslan er ekki á að uppræta brot í fortíðinni heldur stuðla að betri virkni markaða til frambúðar. Loks má nefna að eftirlitið hefur almennu málsvarahlutverki að gegna og tekur þátt í alþjóðasamstarfi sem stuðlar að einsleitni í beitingu samkeppnisreglna og styður þar með við samkeppnishæfni. Áhrif framangreindra verkefna eru ekki meðtalin í greiningunni.
14. Við þetta má bæta að framangreindum leiðbeiningum OECD er ekki ætlað að meta varnaðaráhrif samkeppnislaganna eða framkvæmdar samkeppnisyfirvalda. Nefna má í því sambandi að Samkeppniseftirlitið hefur í tvígang látið framkvæma viðhorfskannanir á meðal stjórnenda íslenskra fyrirtækja, nú síðast árið 2023. Niðurstöður þeirra gefa skýrt til kynna að samkeppnislög og starfsemi Samkeppniseftirlitsins hafi töluverð áhrif á það hvernig fyrirtæki haga sinni ákvörðunartöku. Þannig kom t.d. í ljós að samkeppnislögin og mögulegar aðgerðir Samkeppniseftirlitsins höfðu haft afgerandi áhrif á ákvarðanir stjórnenda íslenskra fyrirtækja í um 100 tilvikum á ári á árunum 2019-2023. Lesa má nánar um þessar niðurstöður í skýrslu nr. 7/2024, *Þekking og viðhorf stjórnenda íslenskra fyrirtækja til samkeppnismála*.¹⁵

¹⁰ Sjá skýrslu Ríkisendurskoðunar (<https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2022-Samkeppniseftirlitid.pdf>) og upplýsingasiðu sem Samkeppniseftirlitið opnaði á heimasíðu sinni í kjölfar útgáfu hennar <https://www.samkeppni.is/um-samkeppniseftirlitid/stjornsysluutpekt/>

¹¹ Vefslóð: https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2023/Rit_nr_4_2023_Reiknadur_abati_vegna_íhlutunar_Samkeppniseftirlitsins_2013-2022.pdf
Sjá einnig frétt sem birt var á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins í tilefni af birtingu skýrslunnar: <https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/4492>

¹² Vefslóð: <https://www.samkeppni.is/utgafa/pistlar/um-reiknadan-abata-af-íhlutunum-samkeppniseftirlitsins>

¹³ Vefslóð: <https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2024/Skyrsla-nr.-3-2024.pdf>

¹⁴ Vefslóð: <https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2024/Skyrsla-nr.-4-2024.pdf>
Sjá einnig frétt sem birt var á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins í tilefni af birtingu þessara tveggja skýrslna: <https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/abati-vegna-íhlutunar-samkeppniseftirlitsins-um-17-29-fold-fjarframlog-til-eftirlitsins-arin-2014-2023>

¹⁵ Vefslóð: <https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2024/Rit-7-2024.pdf>



15. Að lokum má nefna að rannsóknir hafa sýnt að samkeppni hefur ýmis önnur jákvæð áhrif, s.s. aukið hagræði í rekstri, minni sóun og betri stjórnun fyrirtækja, öflugri nýsköpun og framfarir í atvinnurekstri, aukna þjóðhagslega hagkvæmni efnahagslífs, hraðari endurreisn á krepputímum, minni ójöfnuð og minna atvinnuleysi. Í apríl 2021 gaf Samkeppniseftirlitið út skýrslu nr. 1/2021, *Jákvæð áhrif samkeppni á líf skjör og hagsæld*,¹⁶ þar sem dregnar eru saman niðurstöður helstu rannsókna á þessu sviði.

Sjá einnig frétt sem birt var á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins í tilefni af birtingu skýrslunnar:
<https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/stor-hluti-stjornenda-islenskra-fyrirtaekja-telur-sig-verda-varan-vid-brot-a-samkeppnislogum>

¹⁶ Vefslóð:
https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2021/Rit_ahrif-samkeppni-a-lifskjor-og-hagsaeld_20042021_final.pdf



II. Inngangur

16. Með skýrslu nr. 4/2023, *Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins 2013-2022*, birti Samkeppniseftirlitið reiknaðan ábata vegna íhlutunar eftirlitsins í samræmi við leiðbeiningar OECD, *Guide for helping competition authorities assess the expected impact of their activities*. Samkeppniseftirlitið birti uppfært mat í skýrslu nr. 4/2024, *Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins 2014-2023*. Byggja leiðbeiningarnar á vinnu OECD, fræðimanna, samkeppnisyfirlvalda í ýmsum aðildarlandanna og fyrri rannsóknum á efnahagslegum áhrifum samkeppniseftirlits. Hafa ber í huga að einungis er litið til þess þegar gripið var til íhlutunar vegna samráðs, misnotkunar á markaðsráðandi stöðu og samkeppnishamlandi samruna, en ekki er horft til áhrifa annarra aðgerða Samkeppniseftirlitsins eða fælingaráhrifa samkeppnislaganna eða framkvæmdar þeirra. Áður hafði Samkeppniseftirlitið látið meta efnahagslegan ávinning af íhlutun eftirlitsins árin 2014 og 2016.¹⁷
17. Tilfni þessarar útgáfu eru m.a. mælikvarðar og markmið í fjármálaáætlun um reiknaðan ábata af samkeppniseftirliti og tilmæli Ríkisendurskoðunar um að Samkeppniseftirlitið leggi reglubundið mat á ábata af starfsemi sinni við skilgreiningu áherslna, markmiða og árangursmælikvarða til framtíðar. Þá er áætlað að Samkeppniseftirlitið muni gefa út skýrslu á hverju ári þar sem þessi ábati er reiknaður og birtur, en eins og áður sagði var það gert í lok árs 2023 með niðurstöðum til og með ársins 2022, því næst í september 2024 með niðurstöðum til og með ársins 2023, og er matið nú uppfært með niðurstöðum til og með ársins 2024.

Fjármálaáætlun

18. Á hverju ári gefur ríkisstjórnin út fjármálaáætlun til næstu fimm ára þar sem gerð er grein fyrir mælikvörðum og markmiðum á mismunandi málefnasviðum ríkisrekstrar. Fjallað hefur verið um ávinning virkrar samkeppni í fjármálaáætlunum síðustu ára, sbr. eftirfarandi lýsingu í fjármálaáætlun 2023-2027:¹⁸

„Það er mikilvægt fyrir efnahagslífið að unnið sé gegn fákeppni og samþjöppun í íslensku samkeppnisumhverfi. Í fákeppnisumhverfi geta skapast aðstæður fyrir samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu með alvarlegum afleiðingum fyrir neytendur, atvinnulíf og hagkerfið í heild.

Markmið eftirlits með samkeppni er að efla virkni markaða. Það er m.a. gert með því að vinna gegn takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri og skaðlegri fákeppni og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaði. Samkeppni knýr fyrirtæki til að hagræða í rekstri og dregur úr sóun. Um leið stuðlar samkeppni að nýsköpun, auknu vöruframboði, betri þjónustu og lægra verði. Það er hlutverk Samkeppniseftirlitsins að koma í veg fyrir samkeppnishömlur með því að stöðva brot á samkeppnislögum, standa gegn skaðlegri samþjöppun, tryggja að beiting samkeppnislaga uppfylli ýrustu kröfur á Evrópska efnahagssvæðinu og benda stjórnvöldum á leiðir til að efla samkeppni. Mikilvægt er að Samkeppniseftirlitið fylgist vel með þróun markaða og að samrunaeftirlit sé öflugt.“

¹⁷ Árið 2014 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því við Gylfa Magnússon, nú prófessor við Viðskiptafræðideild HÍ, að hann legði mat á efnahagslegan ávinning af íhlutun Samkeppniseftirlitsins í samráðsmálum og málum sem varða misnotkun á markaðsráðandi stöðu á árunum 2005 til 2013. Komst Gylfi að þeirri niðurstöðu að íhlutun eftirlitsins hefði skilað ábata sem numið hafi að jafnaði um 0,6% af vergri landsframleiðslu á ári, miðað við leiðbeiningar OECD. Árið 2016 óskaði Samkeppniseftirlitið síðan eftir því við Gylfa að hann uppfærði matið miðað við tímabilið 2005 til 2015, og reyndist sama hlutfall vera um 0,5%. Til grundvallar matinu lágu upplýsingar um íhlutun eftirlitsins í samráðs- og misnotkunarmálum.

¹⁸ Vefslóð:

<https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/Skjol---Frettatengt/Fj%C3%A1rm%C3%A1la%C3%A1%C3%A6tlun%202023%E2%80%932027.pdf>



19. Í fjármálaáætlun sl. ára er gerð grein fyrir mælikvörðum og markmiðum um ávinning virkrar samkeppni. Allt frá árinu 2018 hefur einn af mælikvörðunum sem snýr að Samkeppniseftirlitinu verið reiknaður árlegur ábati af ákvörðunum eftirlitsins á undanliðnum 10 árum sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Þetta hlutfall skuli að meðaltali nema 0,5%.¹⁹

Tilmæli Ríkisendurskoðunar

20. Í stjórnýsluúttekt Ríkisendurskoðunar frá júlí 2022 á störfum Samkeppniseftirlitsins var m.a. lögð áhersla á ábatamat af þessu tagi og þeim tilmælum beint til eftirlitsins að nýta reglubundið mat á ábata af starfsemi sinni við skilgreiningu áherslna, markmiða og árangursmælikvarða til framtíðar.²⁰

Framkvæmd erlendis og samstarf

21. Önnur samkeppnisýfirvöld hafa unnið að mati á ábata í samræmi við leiðbeiningar OECD. Samkeppnisdeild framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og samkeppnisýfirvöld í löndum á borð við Holland, Bretland og Ungverjaland hafa til að mynda unnið og birt slíkar greiningar undanfarin ár. Til að mynda nam reiknaður ábati af íhlutun samkeppnisdeildar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um 12-21 milljarði evra á ári hverju á tímabilinu 2012-2021, eða sem nemur um það bil tvö til þrjú þúsund milljörðum króna.²¹ Reiknaður ábati af íhlutun hollenskra samkeppnisýfirvalda á árinu 2022 nam um 200 milljónum evra, eða sem nemur um það bil 30 milljörðum íslenskra króna.²² Hlutfallið á milli reiknaðs ábata og fjárframlaga til breskra samkeppnisýfirvalda var 23,1 á tímabilinu 2021/22-2023/24²³ og sama hlutfall var 2,5 hjá ungverskum samkeppnisýfirvöldum á tímabilinu 2019-2024.²⁴

¹⁹ Þessi mælikvarði var síðast birtur í fjármálaáætlun 2025-2029 sem birt var 16. apríl 2024. Sjá bls. 129 í fylgiskjali við áætlunina, *Stefnumótun málefna 2025-2029*. Vefslóð: <https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Efnahagsmal-og-opinber-fjarmal/Fjarmalaaetlun-2024/Stefnumotun%20m%C3%A1lefna%C3%B0a%202025-2029.pdf>

Samhliða útgáfu nýjustu birtu fjármálaáætlunar fyrir 2026-2030 sem birt var 31. mars 2025 var gerð breyting á framsetningu stefnumótunar málefna 2026-2030. Í stað þess að birta markmið og mælikvarða málefna 2026-2030 í fylgiskjali við fjármálaáætlun er nú unnið að þróun gagnvirs mælaborðs þar sem birt verða markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki ásamt viðmiðum um árangur sem stefnt er að. Því er þetta markmið ekki birt í nýjustu fjármálaáætlun, en þetta er enn sem áður sá árangursmælikvarði sem stjórnvöld beina að Samkeppniseftirlitinu. Sjá rammagrein 6 í fjármálaáætlun 2026-2030. Vefslóð: <https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Efnahagsmal-og-opinber-fjarmal/Fjarmalaaetlun-2026-2030/Skjol-og-gogn/Fj%C3%A1rm%C3%A1la%C3%A1%C3%A6tlun%202026-2030.pdf>

²⁰ Sjá skýrslu Ríkisendurskoðunar (<https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2022-Samkeppniseftirlitid.pdf>) og upplýsingasiðu sem Samkeppniseftirlitið opnaði á heimasíðu sinni í kjölfar útgáfu hennar <https://www.samkeppni.is/um-samkeppniseftirlitid/stjornsysluuttekta/>

Í kafla 3.1.5 í skýrslu Ríkisendurskoðunar (bls 56) segir um þetta:

„Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að Samkeppniseftirlitið haldi áfram að þróa aðferðir við mat á efnahagslegum ábata ákvarðana sinna í samræmi við fyrirætlanir sínar. Þó að um matskenndar aðferðir sé að ræða felast í slíku ábatamati mikilvægar upplýsingar um ávinning virks samkeppniseftirlits. Rétt er að undirstrika að mat á reiknuðum ábata verður ætíð háð töluverðri óvissu og mikilvægt er að hafa hugfast að ekki er um rauntölur að ræða heldur mat á væntum áhrifum af afmörkuðum þáttum í starfsemi Samkeppniseftirlitsins á grundvelli bestu fyrirliggjandi þekkingar. Ekki er litið til varnaðaráhrifa ákvarðana, ábata af málsvara- og leiðbeiningahlutverki stofnunarinnar eða álagðra stjórnvaldssekta né hugsanlegra neikvæðra áhrifa vegna inngripa stofnunarinnar. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að Samkeppniseftirlitið víðhafi sem mest gagnsæi við matið og tryggi að óháðir sérfræðingar, almenningur og hagsmunaaðilar hafi tækifæri til að gagnrýna forsendur þess og aðferðafræði.“

²¹ Framkvæmdastjórn ESB (2022). *Competition policy brief. Issue 1*, October 2022. Vefslóð: <https://op.europa.eu/en/publication-detail/-/publication/dbfa0d39-5350-11ed-92ed-01aa75ed71a1/language-en/format-PDF/source-273802603>

²² ACM (2023). *Opbrengst van het werk van de ACM in 2022*. Vefslóð: <https://www.acm.nl/system/files/documents/outcome-2022.pdf>

²³

CMA (2024). *CMA Impact Assessment 2023 to 2024*. Vefslóð: https://assets.publishing.service.gov.uk/media/66a89fd5fc8e12ac3edb069f/CMA_Impact_Assessment_2023_to_2024.pdf

²⁴ GVH (2025). *Ex-ante assessment of the welfare gains achieved by the GVH*. Vefslóð: https://www.gvh.hu/pfile/file?path=/en/gvh/analyses/ex_ante_impact_assessment/gvh-impact-ass-2019-2024-2024-12-31---externaldoc---final-2025-01-20---eng&inline=true



22. Í skýrslu OECD sem kom út í apríl 2025 um reynsluna af framkvæmd leiðbeininganna er tekin saman framkvæmd 20 samkeppnisyfirvalda, í Evrópu og Norður- og Suður-Ameríku og hvernig þau hafa beitt leiðbeiningunum. Samanlagt hafi íhlutanir þeirra skilað reiknuðum ábata upp á rúmlega 29 milljarða bandaríkjadollara á ársgrundvelli.²⁵
23. Við vinnslu þessarar greiningar hefur Samkeppniseftirlitið átt í samskiptum og samstarfi við systurstofnanir, m.a. á vettvangi ECN samstarfsins, með það fyrir augum að rýna og betrubæta aðferðafræðina við matið.

Skýrsla OECD um reynsluna af framkvæmd leiðbeininganna

24. Líkt og áður segir byggir aðferðafræði greiningar Samkeppniseftirlitsins á leiðbeiningum frá OECD sem gefnar voru út 2014. Á þeim rúma áratug sem síðan er liðinn hefur myndast nokkur reynsla í framkvæmd á slíkum greiningum. OECD gaf út í apríl sl. út skýrslu þar sem farið var yfir þá reynslu, hvernig leiðbeiningarnar hafa gagnast og hvernig hægt væri að bæta eða útvíkka aðferðafræðina sem mælt er með í leiðbeiningunum.²⁶
25. Í skýrslunni er sett fram umfjöllun um það hvernig hægt væri að bæta aðferðafræðina, t.a.m. ef til þess kæmi að leiðbeiningarnar yrðu endurskoðaðar og endurútgefnar. Helst er fjallað um eftirfarandi atriði:
- Flokkun mála gæti verið nákvæmari og sjálfgefnar forsendur um yfirverðlagningu og tímalengd yfirverðlagningar gætu endurspeglað betur mismunandi tegundir mála. T.a.m. gætu sjálfgefnar forsendur fyrir samráðsmál átt einungis við um alvarlegustu lárétta samráðsbrotin (e. hard core cartels), en vægari sjálfgefnar forsendur gætu átt við lóðrétt samráðsbrot eða önnur brot en alvarlegustu lárétta samráðsbrotin. Þessi tillaga er í samræmi við framkvæmd í greiningu Samkeppniseftirlitsins, þar sem samráðsbrotum er skipt í lárétt samráð sem á sér stað á meðal keppinauta annars vegar (sem gert er ráð fyrir að stuðli að 10-15% yfirverði í 3 ár) og lóðrétt samráð og samráð á vettvangi samtaka fyrirtækja hins vegar (sem gert er ráð fyrir að stuðli að 5-10% yfirverði í 3 ár).
 - Hægt væri að endurskoða sjálfgefnar forsendur um yfirverðlagningu til hækkunar. Þær forsendur sem miðað er við í leiðbeiningunum eru mun lægri en rannsóknir hafa sýnt fram á, svo hægt væri að hækka forsendur fyrir t.d. alvarlegustu lárétta samráðsbrotin og lárétta samruna á samþjöppuðum mörkuðum án þess að koma í veg fyrir að þær yrðu varfærnar m.t.t. rannsókna á áhrifum samkeppnislagaþrota.
 - Hægt væri að samræma það hvaða velta liggur til grundvallar reiknuðum ábata. Í leiðbeiningunum segir að nota eigi veltu viðkomandi fyrirtækja þegar um er að ræða mál sem í felst samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu, en veltu allra fyrirtækja á markaðnum þegar um er að ræða samkeppnishamlandi samruna. Hægt væri að nota veltu viðkomandi fyrirtækja einnig fyrir samrunamál, til að gæta frekari varfærni við matið.
 - Hægt væri að endurskoða tímalengd yfirverðlagningar í tilviki samrunamála. Í leiðbeiningunum er gert ráð fyrir að áhrifa yfirverðlagningar gæti í tvö ár, sem sé sá tími sem það tekur fyrir nýjan keppinaut að koma inn á markaðinn og veita sameinuðu fyrirtæki

²⁵ OECD (2025). *Assessing the impact of competition authorities' activities: OECD Roundtables on Competition Policy Papers, No. 320*. Vefslóð: https://www.oecd.org/en/publications/assessing-the-impact-of-competition-authorities-activities_eaafdba8-en.html

²⁶ OECD (2025). *Assessing the impact of competition authorities' activities: OECD Roundtables on Competition Policy Papers, No. 320*. Vefslóð: https://www.oecd.org/en/publications/assessing-the-impact-of-competition-authorities-activities_eaafdba8-en.html



samkeppnislegt aðhald. Aftur á móti er því velt upp í skýrslunni að flest samkeppnisyfirvöld myndu líklega heimila samruna á markaði þar sem nýr keppinautur gæti veitt aðhald innan tveggja ára, og því geti verið ástæða til að hækka þetta viðmið.

- Hægt væri að skýra betur í leiðbeiningunum ýmis atriði sem eru frekar almennt orðuð. T.a.m. hvernig meðhöndla eigi mál sem er áfrýjað, samruna sem samrunaaðilar sjálfir hætta við undir rannsókn samkeppnisyfirvalda, hvort nota eigi reiknivexti til að núvirða reiknaðan ábata og þá hversu háa, ásamt því að útvíkka leiðbeiningarnar til að meta reiknaðan ábata af markaðsgreiningum, almennu málsvarahlutverki samkeppnisyfirvalda til að ýta undir virka samkeppni og öðrum áhrifum af starfi samkeppniseftirlita sem fela ekki í sér bein verðáhrif.

26. Samkeppniseftirlitið mun fylgjast með þeirri vinnu sem á sér stað á vettvangi OECD og taka til skoðunar að gera breytingar á aðferðafræði þessarar greiningar eftir því sem tilefni er til.

Rýni

27. Aðferðafræðin, forsendur og útreikningar hafa verið rýnd af óháðum sérfræðingi, dr. Katrínu Ólafsdóttur, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskólans í Reykjavík. Niðurstaða hennar var sú að niðurstöður Samkeppniseftirlitsins væru í fullu samræmi við þá aðferðafræði sem OECD hefur mælt með. Minnisblað um rýnina má nálgast á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins.²⁷

²⁷ Vefslóð: <https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2025/Minnisblad-KO-29-april-2025.pdf>



III. Niðurstöður - 10 ára hlaupandi meðaltal reiknaðs ábata

28. Í þessum hluta skýrslunnar er greint ítarlega frá niðurstöðum greiningarinnar og reiknaður ábati birtur sem 10 ára hlaupandi meðaltal. Í fyrsta lagi er reiknaður heildarábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins birtur og borinn saman yfir tíma. Þá er reiknaður ábati borinn saman við verga landsframleiðslu og fjárframlög til eftirlitsins. Í öðru lagi er reiknaður ábati birtur eftir tegund íhlutunar. Allar fjárhæðir eru á verðlagi ársins 2024.


1. Ábati um 18-29-föld fjárframlög til Samkeppniseftirlitsins síðastliðin 10 ár

29. Í töflu 2 er reiknaður árlegur ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins birtur sem 10 ára hlaupandi meðaltal. Birtar eru niðurstöður frá fyrsta 10 ára tímabilinu sem Samkeppniseftirlitið starfaði, 2005-2014, allt fram til síðastliðinna 10 ára, 2015-2024. Reiknaður ábati er birtur sem fjárhæð (í milljörðum króna á verðlagi ársins 2024, árlegt meðaltal), sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) og sem hlutfall af fjárframlögum ríkisins til Samkeppniseftirlitsins.


Tafla 2: Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins á hverju 10 ára tímabili, frá 2005-2014 til 2015-2024, árlegt meðaltal. Fjárhæðir eru á verðlagi ársins 2024.

Tímabil	Reiknaður ábati		
	Árlegt meðaltal	Hlutfall af VLF	Hlutfall af fjárframlögum
2005-2014	8,5 - 16,1 ma.kr.	0,28% - 0,52%	17 - 32
2006-2015	10,7 - 19,2 ma.kr.	0,34% - 0,61%	20 - 35
2007-2016	10,7 - 19,2 ma.kr.	0,33% - 0,60%	19 - 34
2008-2017	11,5 - 20,6 ma.kr.	0,35% - 0,63%	20 - 36
2009-2018	11,5 - 20,2 ma.kr.	0,35% - 0,61%	20 - 35
2010-2019	9,6 - 16,4 ma.kr.	0,28% - 0,48%	16 - 28
2011-2020	9,3 - 16,0 ma.kr.	0,27% - 0,46%	15 - 26
2012-2021	10,7 - 17,9 ma.kr.	0,30% - 0,50%	17 - 29
2013-2022	11,6 - 19,5 ma.kr.	0,31% - 0,53%	18 - 30
2014-2023	11,3 - 18,7 ma.kr.	0,30% - 0,49%	17 - 29
2015-2024	11,6 - 19,1 ma.kr.	0,29% - 0,48%	18 - 29
2005-2024	10,1 - 17,6 ma.kr.	0,29% - 0,50%	17 - 30

30. Á myndum 1 og 2 má svo sjá 10 ára hlaupandi meðaltal reiknaðs ábata sem hlutfall af vergri landsframleiðslu annars vegar og sem hlutfall af fjárframlögum hins vegar.



Mynd 1: Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, 10 ára hlaupandi árlegt meðaltal frá 2005-2014 til 2015-2024.




Mynd 2: Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins sem hlutfall af fjárframlögum ríkisins til Samkeppniseftirlitsins, 10 ára hlaupandi árlegt meðaltal frá 2005-2014 til 2015-2024.

31. Á síðastliðnum 10 árum, 2015-2024, hefur reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins numið um 18-29-földum fjárframlögum ríkisins til stofnunarinnar, eða 0,29-0,48% af vergri landsframleiðslu. Ábatinn hefur numið 11,6-19,1 ma.kr. á ári hverju að meðaltali.
32. Árlegt meðaltal reiknaðs ábata vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins var lægst á tímabilinu 2011-2020. Þá nam reiknaður ábati um 15-26-földum fjárframlögum ríkisins til stofnunarinnar, 0,27-0,46% af vergri landsframleiðslu eða 9,3-16,0 ma.kr. á ári hverju að meðaltali.
33. Árlegt meðaltal reiknaðs ábata vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins var hæst á tímabilinu 2008-2017. Þá nam reiknaður ábati um 20-36-földum fjárframlögum ríkisins til stofnunarinnar, 0,35-0,63% af vergri landsframleiðslu eða um 11,5-20,6 ma.kr. á ári hverju að meðaltali.




2. Ábati hefur aukist vegna samrunaefirlits en minnkað vegna íhlutunar vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu

34. Á myndum 3 og 4 má sjá 10 ára hlaupandi meðaltal reiknaðs ábata, sundurgreint eftir því hvort um er að ræða íhlutun vegna samráðs, misnotkunar á markaðsráðandi stöðu eða samrunaefirlits. Á mynd 3 er miðað við neðri mörk reiknaðs ábata og á mynd 4 er miðað við efri mörk. Birtar eru niðurstöður frá fyrsta 10 ára tímabilinu sem Samkeppniseftirlitið starfaði, 2005-2014, allt fram til síðastliðinna 10 ára, 2015-2024. Reiknaður ábati er birtur sem fjárhæð í milljörðum króna á verðlagi ársins 2024. Myndirnar byggja á gögnum úr töflu 4 sem finna má í viðauka.



Mynd 3: Neðri mörk reiknaðs ábata vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins, skipting eftir tegund íhlutunar. 10 ára hlaupandi árlegt meðaltal frá 2005-2014 til 2015-2024. Fjárhæðir eru á verðlagi ársins 2024.



Mynd 4: Efri mörk reiknaðs ábata vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins, skipting eftir tegund íhlutunar. 10 ára hlaupandi árlegt meðaltal frá 2005-2014 til 2015-2024. Fjárhæðir eru á verðlagi ársins 2024.



35. Um og yfir helmingur reiknaðs ábata kemur alla jafna til vegna íhlutunar vegna samráðsbrotu en ábatinn nam 5,9-9,1 ma.kr. á ári að meðaltali á tímabilinu 2015-2024. Reiknaður ábati vegna samráðsmála var hæstur á tímabilunum 2006-2015 og 2007-2016, 5,8-9,7 ma.kr. á ári, en lægstur á tímabilinu 2011-2020, 3,2-4,9 ma.kr. á ári.
36. Á síðastliðnum árum hefur reiknaður ábati vegna samrunaefirlits numið um 30-40% af reiknuðum ábata en ábatinn nam 4,4-7,4 ma.kr. á ári að meðaltali á tímabilinu 2015-2024. Reiknaður ábati vegna samrunaefirlits hefur aukist nokkuð, eða úr um 1-2 ma.kr. á ári, frá 2005-2014 til 2007-2016 í um 3-7 ma.kr. á ári tímabilin 2009-2018 til 2015-2024.
37. Á tímabilinu 2015-2024 nam reiknaður ábati íhlutunar vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu 1,3-2,6 ma.kr. á ári að meðaltali. Hlutfall reiknaðs ábata vegna þessa flokks íhlutana hefur lækkað umtalsvert, eða úr tæplega 50% á tímabilinu 2005-2014 í rétt rúmlega 10% á síðasta tímabilinu sem er til skoðunar. Skýrist lækkunin að hluta til af auknum reiknuðum ábata vegna íhlutunar tengdri samrunamálum en reiknaður ábati hefur jafnframt lækkað í krónum talið – úr u.þ.b. 4-8 ma.kr. á ári frá 2005-2014 til 2008-2017 í um 2-6 ma.kr. á ári frá 2008-2017 til 2013-2022. Reiknaður ábati vegna þessa flokks er þó í lágmarki yfir tvö nýjustu tímabilin sem nú eru til skoðunar, eða um 1,3-2,6 ma.kr. á ári.



IV. Niðurstöður – 5 ára hlaupandi meðaltal reiknaðs ábata

38. Í þessum hluta skýrslunnar er reiknaður ábati birtur sem 5 ára hlaupandi meðaltal. Í fyrsta lagi er reiknaður heildarábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins birtur og borinn saman yfir tíma. Þá er reiknaður ábati borinn saman við verga landsframleiðslu og fjárframlög til eftirlitsins. Í öðru lagi er reiknaður ábati birtur eftir tegund íhlutunar. Allar fjárhæðir eru á verðlagi 2024.


3. Ábati um 15-25-föld fjárframlög til Samkeppniseftirlitsins síðastliðin 5 ár

39. Í töflu 3 er reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins birtur sem 5 ára hlaupandi meðaltal. Birtar eru niðurstöður frá fyrsta 5 ára tímabilinu sem Samkeppniseftirlitið starfaði, 2005-2009, allt fram til síðastliðinna 5 ára, 2020-2024. Reiknaður ábati er birtur sem fjárhæð (í milljörðum króna á verðlagi ársins 2024, árlegt meðaltal), sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) og hlutfall af fjárframlögum ríkisins til Samkeppniseftirlitsins.


Tafla 3: Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins á hverju 5 ára tímabili, frá 2005-2009 til 2020-2024, árlegt meðaltal. Fjárhæðir eru á verðlagi ársins 2024.

Tímabil	Reiknaður ábati		
	Árlegt meðaltal	Hlutfall af VLF	Hlutfall af fjárframlögum
2005-2009	11,3 - 21,4 ma.kr.	0,37% - 0,70%	24 - 45
2006-2010	11,4 - 21,4 ma.kr.	0,37% - 0,69%	21 - 40
2007-2011	11,4 - 21,5 ma.kr.	0,37% - 0,69%	21 - 39
2008-2012	11,1 - 21,1 ma.kr.	0,36% - 0,69%	20 - 39
2009-2013	10,1 - 19,2 ma.kr.	0,33% - 0,63%	19 - 36
2010-2014	5,7 - 10,7 ma.kr.	0,19% - 0,35%	11 - 20
2011-2015	10,1 - 17,0 ma.kr.	0,32% - 0,53%	18 - 31
2012-2016	10,0 - 16,9 ma.kr.	0,30% - 0,51%	17 - 29
2013-2017	11,9 - 20,1 ma.kr.	0,35% - 0,59%	20 - 33
2014-2018	12,9 - 21,3 ma.kr.	0,36% - 0,59%	20 - 34
2015-2019	13,4 - 22,1 ma.kr.	0,36% - 0,59%	21 - 34
2016-2020	8,6 - 15,0 ma.kr.	0,23% - 0,40%	13 - 22
2017-2021	11,3 - 19,0 ma.kr.	0,29% - 0,49%	17 - 28
2018-2022	11,3 - 18,9 ma.kr.	0,28% - 0,48%	17 - 28
2019-2023	9,7 - 16,1 ma.kr.	0,24% - 0,39%	15 - 24
2020-2024	9,8 - 16,2 ma.kr.	0,23% - 0,39%	15 - 25
2005-2024	10,1 - 17,6 ma.kr.	0,29% - 0,50%	17 - 30

40. Á myndum 5 og 6 má svo sjá 5 ára hlaupandi meðaltal reiknaðs ábata sem hlutfall af vergri landsframleiðslu annars vegar og sem hlutfall af fjárframlögum hins vegar.



Mynd 5: Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, 5 ára hlaupandi árlegt meðaltal frá 2005-2009 til 2020-2024.



Mynd 6: Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins sem hlutfall af fjárframlögum ríkisins til Samkeppniseftirlitsins, 5 ára hlaupandi árlegt meðaltal frá 2005-2009 til 2020-2024.


41. Á síðastliðnum 5 árum, 2020-2024, hefur reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins numið um 15-25-földum fjárframlögum ríkisins til stofnunarinnar eða 0,23-0,39% af vergri landsframleiðslu. Ábatinn hefur numið 9,8-16,2 ma.kr. á ári hverju að meðaltali.
42. Árlegt meðaltal reiknaðs ábata vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins var lægst á tímabilinu 2010-2014. Þá nam reiknaður ábati um 11-20-földum fjárframlögum ríkisins til stofnunarinnar, 0,19-0,35% af vergri landsframleiðslu eða um 5,7-10,7 ma.kr. á ári hverju að meðaltali.
43. Árlegt meðaltal reiknaðs ábata vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins sem hlutfall af fjárframlögum og VLF var hæst á tímabilinu 2005-2009. Þá nam reiknaður ábati um 24-45-




földum fjárframlögum ríkisins til stofnunarinnar, 0,37-0,70% af vergri landsframleiðslu eða um 11,3-21,4 ma.kr. á ári hverju að meðaltali.

4. Ábati vegna mála er varða misnotkun á markaðsráðandi stöðu hefur dregist mikið saman

44. Á myndum 7 og 8 má sjá 5 ára hlaupandi meðaltal reiknaðs ábata, sundurgreint eftir því hvort um er að ræða íhlutun vegna samráðs, misnotkunar á markaðsráðandi stöðu eða samrunaefirlits. Á mynd 7 er miðað við neðri mörk reiknaðs ábata og á mynd 8 er miðað við efri mörk. Birtar eru niðurstöður frá fyrsta 5 ára tímabilinu sem Samkeppniseftirlitið starfaði, 2005-2009, allt fram til síðastliðinna 5 ára, 2020-2024. Reiknaður ábati er birtur sem fjárhæð í milljörðum króna á verðlagi ársins 2024. Myndirnar byggja á gögnum úr töflu 5 sem finna má í viðauka.



Mynd 7: Neðri mörk reiknaðs ábata vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins, skipting eftir tegund íhlutunar. 5 ára hlaupandi árlegt meðaltal frá 2005-2009 til 2020-2024. Fjárhæðir eru á verðlagi ársins 2024.



Mynd 8: Neðri mörk reiknaðs ábata vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins, skipting eftir tegund íhlutunar. 5 ára hlaupandi árlegt meðaltal frá 2005-2009 til 2020-2024. Fjárhæðir eru á verðlagi ársins 2024.

45. Þegar skipting ábata eftir tegund íhlutunar er skoðuð sem 5 ára hlaupandi meðaltal dregst upp álíka mynd og þegar litið er til 10 ára hlaupandi meðaltals. Sveiflurnar eru þó meiri á milli ára, enda inniheldur hvert tímabil færri íhlutanir og hver íhlutun vegur þar með meira.
46. Stærstur hluti reiknaðs ábata kemur alla jafna til vegna íhlutunar vegna samráðsbrot, en stærð ábatans sveiflast nokkuð. Endurspeglar þetta þá staðreynd að rannsóknir samráðsbrot eru jafnan tímafrekar og því koma tímabil þar sem rannsókn fárra samráðsmála er lokið. Á nýjasta tímabilinu, 2020-2024, nam reiknaður ábati vegna samráðsmála 5,9-9,6 ma.kr. á ári að meðaltali. Reiknaður ábati vegna samráðsmála var hæstur á tímabilinu 2007-2011, 5,9-10,9 ma.kr., en lægstur á tímabilinu 2016-2020, 0,7-1,0 ma.kr. á ári að meðaltali.
47. Reiknaður ábati vegna samrunaefirlits hefur aukist talsvert á seinni hluta þess tímabils sem hér er til skoðunar. Frá 2005-2009 og fram til 2013-2017 voru efri mörk reiknaðs ábata vegna samrunaefirlits um eða innan við 3 ma.kr. á ári að meðaltali, en á tímabilunum frá 2014-2018 fram til 2018-2022 voru neðri mörk reiknaðs ábata um og yfir 5 ma.kr. á ári að meðaltali, og efri mörkin fóru hæst í 11,3 ma.kr. á ári að meðaltali á tímabilinu 2018-2022. Reiknaður ábati vegna samrunaefirlits hefur þó dregist saman á tveimur nýjustu tímabilunum sem hér er til skoðunar og var 3,4-5,7 ma.kr. á ári að meðaltali á tímabilinu 2020-2024.
48. Reiknaður ábati vegna íhlutunar í mál er varða misnotkun á markaðsráðandi stöðu var tiltölulega stöðugur framan af en hefur minnkað umtalsvert á undanförunum árum. Á tímabilinu 2020-2024 nam reiknaður ábati vegna misnotkunarmála um 0,5-0,9 ma.kr. á ári að meðaltali.



V. Töfluviðauki

Tafla 4: Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins, sundurgreindur eftir því hvort um er að ræða íhlutun vegna samráðs, misnotkunar á markaðsráðandi stöðu eða samkeppnishamlandi samruna. 10 ára hlaupandi árlegt meðaltal frá 2005-2014 til 2015-2024. Fjárhæðir eru á verðlagi ársins 2024.

Tímabil	Reiknaður ábati (árlegt meðaltal)			
	Samráð	Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	Samrunaefirlit	Samtals
2005-2014	3,2 - 5,9 ma.kr.	4,1 - 8,1 ma.kr.	1,2 - 2,1 ma.kr.	8,5 - 16,1 ma.kr.
2006-2015	5,8 - 9,7 ma.kr.	3,7 - 7,4 ma.kr.	1,2 - 2,1 ma.kr.	10,7 - 19,2 ma.kr.
2007-2016	5,8 - 9,7 ma.kr.	3,8 - 7,7 ma.kr.	1,1 - 1,9 ma.kr.	10,7 - 19,2 ma.kr.
2008-2017	5,6 - 9,5 ma.kr.	4,1 - 8,2 ma.kr.	1,8 - 3,0 ma.kr.	11,5 - 20,6 ma.kr.
2009-2018	5,4 - 9,1 ma.kr.	2,8 - 5,6 ma.kr.	3,3 - 5,5 ma.kr.	11,5 - 20,2 ma.kr.
2010-2019	3,6 - 5,6 ma.kr.	2,7 - 5,4 ma.kr.	3,2 - 5,4 ma.kr.	9,6 - 16,4 ma.kr.
2011-2020	3,2 - 4,9 ma.kr.	2,8 - 5,6 ma.kr.	3,3 - 5,5 ma.kr.	9,3 - 16,0 ma.kr.
2012-2021	4,5 - 6,7 ma.kr.	2,7 - 5,3 ma.kr.	3,6 - 5,9 ma.kr.	10,7 - 17,9 ma.kr.
2013-2022	5,2 - 8,1 ma.kr.	2,1 - 4,2 ma.kr.	4,4 - 7,3 ma.kr.	11,6 - 19,5 ma.kr.
2014-2023	5,9 - 9,1 ma.kr.	1,3 - 2,6 ma.kr.	4,2 - 7,0 ma.kr.	11,3 - 18,7 ma.kr.
2015-2024	5,9 - 9,1 ma.kr.	1,3 - 2,6 ma.kr.	4,4 - 7,4 ma.kr.	11,6 - 19,1 ma.kr.
2005-2024	4,5 - 7,5 ma.kr.	2,7 - 5,4 ma.kr.	2,8 - 4,7 ma.kr.	10,1 - 17,6 ma.kr.



Tafla 5: Reiknaður ábati vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins, sundurgreindur eftir því hvort um er að ræða íhlutun vegna samráðs, misnotkunar á markaðsráðandi stöðu eða samkeppnishamlandi samruna. 5 ára hlaupandi árlegt meðaltal frá 2005-2009 til 2020-2024. Fjárhæðir eru á verðlagi ársins 2024.

Tímabil	Reiknaður ábati (árlegt meðaltal)			
	Samráð	Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	Samrunaeftirlit	Samtals
2005-2009	5,0 - 9,2 ma.kr.	4,9 - 9,8 ma.kr.	1,4 - 2,3 ma.kr.	11,3 - 21,4 ma.kr.
2006-2010	5,7 - 10,6 ma.kr.	4,2 - 8,5 ma.kr.	1,4 - 2,3 ma.kr.	11,4 - 21,4 ma.kr.
2007-2011	5,9 - 10,9 ma.kr.	4,3 - 8,7 ma.kr.	1,2 - 1,9 ma.kr.	11,4 - 21,5 ma.kr.
2008-2012	5,3 - 10,0 ma.kr.	4,2 - 8,4 ma.kr.	1,6 - 2,7 ma.kr.	11,1 - 21,1 ma.kr.
2009-2013	5,0 - 9,6 ma.kr.	3,4 - 6,8 ma.kr.	1,7 - 2,8 ma.kr.	10,1 - 19,2 ma.kr.
2010-2014	1,5 - 2,5 ma.kr.	3,2 - 6,4 ma.kr.	1,1 - 1,8 ma.kr.	5,7 - 10,7 ma.kr.
2011-2015	5,8 - 8,8 ma.kr.	3,2 - 6,4 ma.kr.	1,1 - 1,8 ma.kr.	10,1 - 17,0 ma.kr.
2012-2016	5,6 - 8,4 ma.kr.	3,3 - 6,7 ma.kr.	1,1 - 1,8 ma.kr.	10,0 - 16,9 ma.kr.
2013-2017	6,0 - 9,0 ma.kr.	3,9 - 7,9 ma.kr.	2,0 - 3,3 ma.kr.	11,9 - 20,1 ma.kr.
2014-2018	5,8 - 8,7 ma.kr.	2,2 - 4,3 ma.kr.	5,0 - 8,3 ma.kr.	12,9 - 21,3 ma.kr.
2015-2019	5,8 - 8,7 ma.kr.	2,2 - 4,4 ma.kr.	5,4 - 9,0 ma.kr.	13,4 - 22,1 ma.kr.
2016-2020	0,7 - 1,0 ma.kr.	2,4 - 4,7 ma.kr.	5,6 - 9,3 ma.kr.	8,6 - 15,0 ma.kr.
2017-2021	3,3 - 4,9 ma.kr.	2,0 - 4,0 ma.kr.	6,0 - 10,1 ma.kr.	11,3 - 19,0 ma.kr.
2018-2022	4,3 - 7,2 ma.kr.	0,2 - 0,4 ma.kr.	6,8 - 11,3 ma.kr.	11,3 - 18,9 ma.kr.
2019-2023	5,9 - 9,6 ma.kr.	0,4 - 0,8 ma.kr.	3,4 - 5,6 ma.kr.	9,7 - 16,1 ma.kr.
2020-2024	5,9 - 9,6 ma.kr.	0,5 - 0,9 ma.kr.	3,4 - 5,7 ma.kr.	9,8 - 16,2 ma.kr.
2005-2024	4,5 - 7,5 ma.kr.	2,7 - 5,4 ma.kr.	2,8 - 4,7 ma.kr.	10,1 - 17,6 ma.kr.